

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Samfélagssjóð BYKO.

### I. KAFLI

#### Nafn, heimili og tilgangur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Samfélagssjóður BYKO. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Kópavogi.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, stofnaður af Norvik hf., kt. 670400-2390 og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni eða félög er varða góðgerðarmál, forvarnarstarf, menningu og listir, menntun og rannsóknir, íþróttir eða annað samfélagslegt verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni og efla með því tengsl BYKO við samfélagið og það umhverfi sem félagið starfar í og sýna þannig samfélagslega ábyrgð í verki.

### II. KAFLI

#### Stofnfé.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins var framlag Norvikur hf., kr. 692.000 við stofnun sjóðsins árið 2007.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og skal sjá til þess að þeir fjármunir sem eru í vörslu sjóðsins hverju sinni séu ávaxtaðir á viðunandi og tryggan hátt.

### III. KAFLI

#### Sjóðstjórn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega leggja fram áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins.

9. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabilið frá stofnun sjálfseignarstofnunar til næstu áramóta. Senda skal Ríkisendurskoðun ársreikninginn í samræmi við 3. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## IV. KAFLI

**Úthlutanir úr sjóðnum.**

## 11. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um þær fjárhæðir sem sjóðurinn úthlutar. Stjórn sjóðsins skal jafnframt sjá til þess að ávallt sé nægilegt fé í sjóðnum til að standa undir rekstri hans og að óskert stofnfé skuli ávallt nema þeirri lágmarksfjárhæð, sem vera skal í sjóði í dag.

## 12. gr.

Stjórn sjóðsins skal setja sér reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Starfsreglurnar skulu taka mið af tilgangi sjóðsins.

## 13. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um veitingu styrkja úr sjóðnum og skal hún skrá í fundargerðabók stjórnar ákvarðanir sínar um styrkveitingar.

## V. KAFLI

**Önnur ákvæði.**

## 14. gr.

Stjórn sjóðsins tekur árlega saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðnum á reikningsárinu.

## 15. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 4. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða, skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

Við staðfestingu þessa fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 229/2007 með síðari breytingu nr. 568/2016.

## 16. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 27. desember 2018,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*